

Fundur í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn föstudaginn 22. nóvember kl. 15.00. Haldinn í fundarsal Háskólaþess Vestfjarða, Ísafirði.

Mætt voru Albertína F. Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Sveinn Ragnarsson og Sigurður Pétursson, einnig sátu fundinn starfsmenn FV þau Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, Dána Jóhannsdóttir, markaðsfulltrúi, Jón Jónsson, menningarfulltrúi og Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnastjóri byggðapróunar.

Formaður bauð starfsmenn velkomna til fundar.

1. Fundargerðir stjórnar FV, 26. september og 10. október 2013.

Fundargerðir stjórnar 26. september og 10. október s.l. lagðar fram. Fundargerðir samþykktar.

2. Þinggerð 58. Fjórðungsþing Vestfirðinga.

Lögð fram þinggerð 58. Fjórðungsþings Vestfirðinga. Þinggerðin hefur verið staðfest að hálfu þingforseta og riturum þingsins. Þinggerðin verður gefin út á rafrænu formi á vef FV og send sveitarstjórnnum á Vestfjörðum og kynnt ráðuneytum, þingmönnum og stofnunum.

3. Verkefni FV, staða verkefna starfsmanna.

a. Markaðsfulltrúi

Dána Jóhannsdóttir, markaðsfulltrúi, kynnti stöðu verkefna Markaðsstofu Vestfjarða og ræddi samstarf við ferðaþjónu og ráðgjafaráð Markaðsstofu. Rætt nánar um eftirfarandi atriði:

- Aðildargjald fyrir Markaðsstofu sem yrði innheimt af ferðaþjónustuaðilum. Forveri MV sem sjálfseignarstofnun innheimti gjaldið í formi frjálsra framlaga. Markaðsstofur í öðrum landshlutum innheimta slíkt gjald en með mismunandi hætti.

Samþykkt að leggja til við ráðgjafaráð MV að taka til skoðunar að lagt verði árgjald á ferðaþjónustuaðila. Skilgreint verði hvaða verkefna gjaldið rennur til og tekið verði til skoðunar að gjaldið taki mið af veltu fyrirtækja. Fyrirkomulagið taki gildi á áramótum 2013 / 2014.

- Kynnt staða erindis samkvæmt ályktun 58. Fjórðungsþings Vestfirðinga um markaðsáttak sveitarfélaga. Erindið er nú til umfjöllunar hjá sveitarstjórnnum á Vestfjörðum. Stjórn leggur til að gerður sé fastur samningur við sveitarfélögin um verkefnið enda er um skuldbindingu til þriggja ára.

b. Menningarfulltrúi

Jón Jónsson, menningarfulltrúi kynnti helstu verkefni menningarráðs. Rætt nánar um eftirfarandi atriði;

- Menningarfulltrúi lagði áherslu á að farið verði í stefnumörkun í menningarmálum á Vestfjörðum en síðast var hún unnin á árinu 2007. Hann kynnti hugmyndina á 58. Fjórðungsþingi og þar fékk hún jákvæðar undirtektir en óskað var nánari útfærslu.

Menningarfulltrúi kynnti áætlun um framkvæmd stefnumörkunar. Miðað er við að hún verði unnin af starfsmönnum FV og einnig leitað til Atvest um framkvæmd hennar. Miðað við að vinna hefjist nú í desember og að ný stefna verði lögð fyrir 59. Fjórðungsþing í september 2014.

Stjórn samþykkir að hafin verði endurskoðun stefnu í menningarmálum í samstarfi við Menningarráð. Tillaga um framkvæmd hennar verði mótuð á grunni tillögu menningarfulltrúa.

- Menningarfulltrúi kynnti skýrslu Capacent *Úttekt á framkvæmd menningarsamninga 2007-2013* Stjórn felur menningarfulltrúa að óska eftir skýringum á forsendum á ákveðnum matsatriðum er varða starfsemi Menningarráðs. Greinargerðin myndi hinsvegar nýtast vel við stefnumörkun í menningarmálum á Vestfjörðum.
- Menningarfulltrúi upplýsti að á fundi með MMR nú fyrr í mánuðinum hefði komið fram að ráðuneytið mun óska eftir fundi með landshlutasamtökum sveitarfélaga til að ræða endurnýjun menningarsamninga og gerð tillaga um skiptingu fjármagns.

Stjórn FV leggur áherslu á að við skiptingu fjármagns verði litið til mælikvarða sem taki mið af hvort að landshluti sé á skilgreindu varnarsvæði eða vaxtarsvæði með tilliti til þróunar búsetu. Einnig verði lagt til grundvallar hvort um fast starf menningarfulltrúa sé að ræða eða ekki. Menningarfulltrúa og framkvæmdastjóra falið að útfæra tillögu að samningsmarkmiðum og leggja fyrir stjórn.

c. Verkefnastjóri byggðaðróunar

Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnastjóri kynnti verkefni byggðaðróunar. Verkefnastjóri hefur nú starfað í tvo mánuði í fullu starfi. Tvö meginverkefni hafa verið í starfi verkefnastjóra.

- Vinna með skipulagsnefnd og skipulagshópi strandsvæðis við Djúp og Jökulfirði ásamt framkvæmdastjóra og skipulagsráðgjafa (Teiknistofan Eik). Sú vinna hefur gengið vel.
- Verkefnið Umhverfivottun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Skýrsla um stöðu og framgang mála fyrir árið 2012 var skilað þann 18. nóvember s.l. til EarthCheck, fylgja þarf nú eftir að sveitarfélögin séu með stöðuga skráningu gagna til að auðvelda skýrslu gjöf.

Verkefnastjóri kynnti drög að leiðarljósi sveitarfélaga fyrir umhverfisstefnu, óskaði hún eftir sjónarmiðum stjórnar áður en stefnan verði send til sveitarfélaga. Lagði hún

áherslu á kynningu á meðal almennings um verkefnið. Stjórn kom með ábendingar um efni stefnumörkunar en samþykkti að fresta til næsta stjórnarfundar afgreiðslu tillögu að leiðarljósi sveitarfélaga.

d. Verkefni framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu sóknaráætlunar landshluta, strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði og almenningsgangna. Hann kynnti einnig fund sem hann og formaður samgöngunefndar Sigurður Pétursson áttu með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þann 13. nóvember s.l.. Á fundinum voru kynntar áherslur í samgöngumálum á Vestfjörðum á grundvelli ályktunar 58. Fjórðungspings. Einnig var stutt kynning á verkefninu nýtingaráætlun strandsvæða á Vestfjörðum.

Framkvæmdastjóri óskaði heimildar að hefja vinnu að greinargerð um almenningsgangur á Vestfjörðum. Greinargerðin verði unnin af verkefnastjóra byggðapróunar og Atvest og aðkeyptri ráðgjöf eftir því sem þörf er á. Gert er ráð fyrir verkefninu í endurskoðaðri fjárhagsáætlun FV. Stjórn samþykkir verkefnið.

4. Staða verkefna á grunni ályktana 58. Fjórðungspings.

Framkvæmdastjóri kynnti greinargerð um stöðu verkefna á grunni ályktana 58. Fjórðungspings. Greinargerðinni er einnig ætlað að vera grunnur að starfsáætlun FV fram til september 2014. Stjórn felur framkvæmdastjóra að setja fram starfsáætlun á grundvelli umræðu á fundinum.

5. Úttekt á framkvæmd menningarsamninga árin 2011-2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið (september 2013).

Lögð fram greinargerð Capacent *Úttekt á framkvæmd menningarsamninga 2007-2013* sem unnin var að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis. Efni greinargerðar var rætt undir 3. lið þessa fundar. Samþykkt að kynna greinargerð fyrir sveitarfélögum ásamt skýringum við atriði sem stjórn FV bendir á að hafi verið gagnrýnd í starfi Menningarráðs.

6. Fundargerð ráðgjafaráðs Markaðsstofu

Lögð fram fundargerð ráðgjafaráðs Markaðsstofu Vestfjarða frá 9. október s.l. og fundargerð Vestfjarðaklasa sama dag.

Tekin fyrir b liður 1. liðs fundargerðar um *heimasíðu og netmál*.

Uppsögn samnings um verkefnið *Ísland er með 'etta*. Stjórn staðfestir ákvörðun sem tekin var í tölvupósti um uppsögn samnings á grundvelli tillögu ráðgjafaráðs Markaðsstofu.

Tekin fyrir liður 3 b í fundargerð ráðgjafaráðs Markaðsstofu Vestfjarða. *Starfsmannamál*. (Starfsmenn viku af fundi undir umræðu í þessum lið).

Formaður kynnti að samkvæmt samkomulagi FV og Ferðamálasamtaka Vestfjarða frá apríl á þessu ári um Markaðsstofu Vestfjarða (MV) ætti ráðgjafaráð MV að vera til umsagnar um starf Markaðsfulltrúa. Samhliða staðfestingu samkomulags var Díönu Jóhannsdóttur boðið tímabundið starf markaðsfulltrúa FV, en hún starfaði þá sem verkefnastjóri FV. Í ljósi góðrar reynslu af starfi hennar gerir formaður tillögu um að Díana verði fastráðin í starf markaðsstjóra. Stjórn samþykkir tillögu formanns og óskar umsagnar ráðgjafaráðs Markaðsstofu um þá tilhögun.

Spurst fyrir um tillögu ráðgjafaráðs um að dregið verði úr útgáfu bæklinga á árinu 2014 og þátttöku í sýningunni World Market.

Formaður gerði tillögu að breytingu á dagskrá að lið 7., 8. og 9. verði frestað og tekin fyrir 10. liður ályktanir stjórnar FV. Tillagan samþykkt.

10. Tillaga um ályktun um sameiningu Heilbrigðisstofnunar á Patreksfirði og Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

Tekin til umræðu tillaga í frumvarpi til fjárlaga 2014 um sameiningu Heilbrigðisstofnunar á Patreksfirði og Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, sem heilbrigðisráðherra hefur áréttað að verði settar í framkvæmd. Kynntar ályktanir sveitarfélaga á Vestfjörðum, þar sem þessari tillögu er alfarið hafnað. Samþykkt eftirfarandi ályktun.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga mótmælir harðlega fyrirhugaðri sameiningu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði og Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði. Fram hefur komið að engin stefnubreyting hefur orðið hjá heilbrigðisráðherra, þrátt fyrir kröftug mótmæli sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga harmar það að ráðherra hafi farið í þessa vegferð, algjörlega án samráðs við heimamenn og íbúa á áhrifasvæðinu, sem og að því er virðist án samráðs við þingmenn kjördæmisins. Það er dapurlegt til þess að hugsa að ákvörðun sem mun hafa jafn víðtæk áhrif og þessi, skuli vera skellt á nú þegar ljóst er að ástand í heilbrigðismálum hefur sjaldan verið jafn viðkvæmt og nú er.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lítur á það sem algjöra forsendu fyrir sameiningu að hægt sé að vísa til reynslu af jákvæðu gagnkvæmu samstarfi sem leiði þá mögulega til frekari umræðu um samvinnu og sameiningu, en í tilviki þeirra stofnana sem um ræðir þá hefur svo ekki verið.

Allar forsendur fyrir samvinnu og gagnkvæmu samstarfi eru afar veikar og stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir undrun og furðu á skilningsleysi ráðherra á landfræðilegri sérstöðu byggðar og erfiðum samgöngum á Vestfjörðum. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skorar á ríkisstjórn og Alþingi að hafna þeim tillögum sem settar hafa verið fram um sameiningu heilbrigðisstofnanna á landsbyggðinni, þannig að tillit sé tekið til sérstöðu þeirra byggða sem ekki njóta jafnra réttinda og aðrir landsmenn, hvort þá heldur er í formi samgangna eða annarrar opinberrar þjónustu.

Formaður vék af fundi kl 16.30, varaformaður tók við stjórn fundarins.

7. Beiðni um umsagnir mála frá Alþingi

Lagðar fram til kynningar beiðnir um umsagnir frá Alþingi.

- Atvinnuveganefnd Alþingis frumvarp til laga [stjórn fiskveiða](#) (aflahlutdeildir í rækju), 153. mál. Umsögn berist eigi síðar en 2. desember nk. **Samþykkt að senda inn umsögn.**
- Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis tillaga til þingsályktunar um útlendinga, 136. mál. Umsögn berist eigi síðar en 4. desember nk. Kynnt
- Atvinnuveganefnd Alþingis tillaga til þingsályktunar um [áttak til atvinnuuppbyggingar í Austur-Húnavatnssýslu](#), 107. mál. Umsögn berist eigi síðar en 27. nóvember. Kynnt
- Atvinnuveganefnd Alþingis tillaga til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum, 14. mál. Áður 44. mál frá fyrra þingi, sent að nýju og umsögn óskast fyrir 25. nóvember nk. **Samþykkt að senda inn umsögn.**
- Atvinnuveganefnd Alþingis frumvarp til laga um [matvæli](#) (eftirlit og gjaldtökuheimild, EES-reglur), 110. mál. Umsögn berist eigi síðar en 20. nóvember nk. Kynnt
- Atvinnuveganefnd Alþingis frumvarp til laga um [dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim](#) (sjúkdómalistar og reglugerðarheimild), 139. mál. Umsögn berist eigi síðar en 20. nóvember. Kynnt
- Atvinnuveganefnd Alþingis frumvarp til laga um [eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru](#) (framleiðsla og dreifing áburðar o.fl.), 140. mál. Umsögn berist eigi síðar en 20. nóvember nk. Kynnt
- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um [myglusvepp og tjón af völdum hans](#), 96. mál. Umsögn berist eigi síðar en 19. nóvember. Kynnt
- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsnet ferðaleiða, 122. mál. Umsögn berist eigi síðar en 19. nóvember.
- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um [mat á umhverfisáhrifum](#) (endurskoðun matsskýrslu), 120. mál. Umsögn berist eigi síðar en 19. nóvember. Kynnt.

- Velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um [bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi](#), 5. mál. Umsögn berist eigi síðar en 31. október. Kynnt
- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um byggingarvörur (heildarlög, EES-reglur), 61. mál. Umsögn berist eigi síðar en 30. október. Kynnt

8. Aðsend erindi og erindi FV

Lagt fram til kynningar yfirlit yfir bréf og önnur aðsend erindi til FV, eftir 16. ágúst s.l.

29/08/2013	Ísafjarðarbær	Tilnefningar í skipulagshóp nýtingaráætlunar strandsvæðis við Ísafjarðardjúp
30/08/2013	Strandabyggð	Skipan fulltrúa í skipulagshóp nýtingar-áætlunar strandsvæðis við Ísafjarðardjúp
05/09/2013	Náttúrustofa Vestfjarða	Fundargerð 83. fundar NAVE haldinn fimmtudaginn 5. september 2013
16/09/2013	Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	Aðalfundarboð S.S.S. 11. og 12. október 2013
17/09/2013	Innanríkisráðuneytið Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2013 haldinn 2. október 2013
23/09/2013	Innanríkisráðuneytið Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Vegna úthlutunar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga
26/09/2013	Alþingi	Fundir sveitarstjórna með fjárlaganefnd Alþingis til að ræða fjármál sveitarfélaga, dagana 28.okt.-1.nóv. 2013
07/10/2013	Atvest	Fiskeldisráðstefna, þakkir fyrir fjárstyrk til ráðstefnunnar
10/10/2013	Náttúrustofa Vestfjarða	Fundargerð 84.fundar NAVE haldinn 8. október 2013
14/10/2013	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Fundargerð heilbrigðisnefndar 11. október 2013
23/10/2013	Landssamband íslenskra útvegsmanna	Nýtingaráætlun Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir - greining
13/11/2013	Ísafjarðarbær	Bókun bæjarráðs vegna tveggja erinda frá FV; - lagður fram tp. FV þar sem farið er fram á að bæjarstjórn staðfesti samþykka greinargerð og uppdrætti að nýtingaráætlun Arnarfjarðar – lagður fram tp. FV til kynningar á áætluðu árstillagi sveitarfélaga á Vestfjörðum
14/11/2013	Táknafjörður	Samþykkt á Nýtingaráætlun strandsvæðis Arnarfjarðar 2012-2024.
15/11/2013	Reykholahreppur	Samþykkt um þátttöku í sameiginlegu markaðsátaki fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2016
18/11/2013	Innanríkisráðuneytið Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Áætlun á framlög Jöfnunarsjóðs til landshluta-samtaka sveitarfélaga – áætlun byggð á frumvarpi til fjárlaga 2014.

Fundargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga, lagðar fram til kynningar.

- SASS, fundargerðir 468 (16.ágúst 2013), 469 (20. september 2013) ,470 (7. október 2013), 471 (17. október 2013), 471 (23. október 2013) og 472 (8. nóvember 2013) að auki fundargerð 44. aðalfundar frá 24. og 25. október 2013 og nýjar samþykktir SASS.

- SSV, fundargerð frá 11. nóvember 2013. Að auki ályktanir ársfundar 12. og 13. september.
- SSA. fundargerð frá 12. september 2013, fundargerð frá 14. september 2013 og fundargerð 31. október 2013, að auki ályktanir ársfundar 13. og 14. september 2013
- Eyþing, fundargerð 245 (4. september 2013), 246 (27. september 2013), 247 (24. október 2013), 248 (13. nóvember 2013). Að auki ályktanir ársfundar 27. og 28. september 2013.
- SSNV, fundargerð 27. ágúst 2013

Bréf og önnur erindi send frá FV frá 16. ágúst s.l., lagt fram til kynningar.

30/08/2013	Fundarmenn Fjórðungspings Vestf.	Dagskrá 58. Fjórðungspings Vestfirðinga
23/09/2013	Stýrinet sóknaráætlunar landshluta	Stöðumat verkefna sóknaráætlunar landshluta á Vestfjörðum, september 2013
24/10/2013	Ferðamálastofa	Uppsögn samstarfssamnings Ferðamálastofu, markaðsstofa landshlutanna og Ferðapjónustu bænda um markaðsátak innanlands „Ísland er með þetta“
31/10/2013	Alþingi Fjárlaganefnd	Umsögn um áhrif frumvarps til fjárlaga 2014 á Vestfirði og ályktanir 58. Fjórðungs-pings Vestfirðinga
07/11/2013	Vesturbyggð	Tillaga um samþykkt nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 202-2024
07/11/2013	Tálknafjarðarhreppur	Tillaga um samþykkt nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 202-2024
07/11/2013	Ísafjarðarbær	Tillaga um samþykkt nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 202-2024
07/11/2013	Vesturbyggð	Fundargerð frá fundi nefndar um nýtingaráætlun strandsvæðis Arnarfjarðar haldinn 29.okt.2013
07/11/2013	Tálknafjarðarhreppur	Fundargerð frá fundi nefndar um nýtingaráætlun strandsvæðis Arnarfjarðar haldinn 29.okt.2013
07/11/2013	Ísafjarðarbær	Fundargerð frá fundi nefndar um nýtingaráætlun strandsvæðis Arnarfjarðar haldinn 29.okt.2013
12/11/2013	Árneshreppur	Erindi vegna sameiginlegs markaðsátaks fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2016
12/11/2013	Vesturbyggð	Erindi vegna sameiginlegs markaðsátaks fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2016
12/11/2013	Tálknafjarðarhreppur	Erindi vegna sameiginlegs markaðsátaks fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2016
12/11/2013	Kaldrananeshreppur	Erindi vegna sameiginlegs markaðsátaks fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2016
12/11/2013	Ísafjarðarbær	Erindi vegna sameiginlegs markaðsátaks fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2016
12/11/2013	Bolungarvíkurkaupstaður	Erindi vegna sameiginlegs markaðsátaks fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2016
12/11/2013	Reykhólahreppur	Erindi vegna sameiginlegs markaðsátaks fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2016
12/11/2013	Strandabyggð	Erindi vegna sameiginlegs markaðsátaks fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2016
12/11/2013	Súðavíkurhreppur	Erindi vegna sameiginlegs markaðsátaks fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum 2014-2016

9. Gjaldskráhækkun Strætó bs

Framkvæmdastjóri óskaði eftir staðfestingu stjórnar FV á tillögu um hækkun fargjalda á akstursleiðum innan samnings FV, SSV, SSNV og Eyþings, frá og með 1. desember n.k.. Lagðar fram til kynningar fundargerðir funda landshlutasamtaka sveitarfélaga og Strætó bs frá 2. október s.l. og minnisblað frá Strætó bs varðandi samþykkt stjórnar Strætó bs frá 26. október s.l. um hækkun gjaldskrár. Meðaltal hækkunar er 7 % en hækkun á stökum miðum er um 14 %.

Stjórn samþykkir framangreindar hækkanir gjaldskrár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.00